

Hverfisnefnd Naustahverfis,

32. fundur 7. Júní 2011.

Mættir: Anna Sjöfn, Ásdís, Björk og Gísli.

Dagskrá:

1. Hverfahátíð.

Rætt var um framkvæmd hverfahátíðar sem haldin var 27. maí s.l. í samstarfi hverfanefndar og Naustaskóla eins og undanfarin ár. Allir sammála um að hátíðin hafi tekist afskaplega vel í alla staði.

2. Kjarnavegur.

Nefnarmenn almennt óánæðir með að ekki hafi verið meiri metnaður við endurnýjun og malbikun á Kjarnavegi m.a. hefði verið full ástæða til að breikka veginn þar sem þarna er töluverð umferð bifreiða með ýmsar gerðir hýbýla í eftirdragi á sumrin. Einnig er mjög brýnt að fá sem fyrst göngu/hjólastíg til hliðar við akveginn þar sem mikil umferð er um akveginn og þetta er ein af vinsælustu göngu og hjólaleiðum bæjarins, m.a. fara flest grunnskólabörn á Akureyri þarna um á hverju vori.

3. Erindi til bæjaryfirvalda.

Nefndin mun halda áfram að krefja bæjaryfirvöld um svör vegna erindis sem sent var á maí og sérstaklega hnykkt á að bærinn mundi gangast fyrir lagfærinu á þeim stöðum sem eru hættulegir.

Ekki var fleira tekið fyrir fá þessum fundi.

Fundargerð ritaði Anna Sjöfn.